

## Afkoma af fjárfestingastarfsemi umfram væntingar Vátryggingarekstur á réttri leið

### Hagnaður ársins 2.690 m.kr.

- Samsett hlutfall 100,9%
- Hagnaður af vátryggingastarfsemi fyrir skatta 646 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 2.459 m.kr.
- Afkoma fyrir skatta og afskrift óefnislegra eigna lækkar úr 3.935 m.kr. árið 2015 í 3.105 m.kr. árið 2016
- Heildarhagnaður ársins 2.690 m.kr. eða 1,75 kr. á hlut
- Ávöxtun verðbréfasafns 10,1% á árinu
- 15,9% arðsemi eigin fjár
- Horfur fyrir árið 2017 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði á bilinu 97-99% og að hagnaður fyrir skatta verði meiri en 2.500 m.kr.
- Stjórn leggur til arðgreiðslu sem nemur 1,75 kr. á hlut eða um 2.600 m.kr.

### Hagnaður 1.124 m.kr. á fjórða ársfjórðungi

- Hagnaður af vátryggingastarfsemi fyrir skatta 176 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.113 m.kr.
- Ávöxtun verðbréfasafns 3,8%
- Ávöxtun af verðbréfasafni var umfram væntingar m.a. vegna endurmats á óskráðum eignum

### Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár fyrir árið 2016 var óvenju góð sem helgast fyrst og fremst af ávöxtun fjárfestingareigna sem var umfram væntingar. Afkoman af vátryggingastarfsemi fyrir árið var ekki langt frá birtum horfum í upphafi síðasta árs. Aðgerðir á liðnu ári til lækkunar á samsettu hlutfalli báru árangur og við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á þessu ári. Tjónshlutfallið er hærra en við teljum ásættanlegt en þar hafa aukin umsvif í þjóðfélaginu áhrif. Fjölgun erlendra ferðamanna hefur þar líka sitt að segja. Aukningin á milli ára í umferð um hringveginn í fyrra var sú mesta frá upphafi mælinga og vísbendingar eru um að sú þróun muni halda áfram.

Innviðirnir verða að fylgja þessari stórauðni umferð því með henni aukast líkur á alvarlegu slysi en slys á erlendum ferðamönnum eiga sér flest stað í dreifbýli. Alvarlegum umferðarslysum sem ferðamenn lenda í hefur fjölgað meira en sem nemur fjölgun ferðamanna undanfarin tvö ár og það er þróun sem við eigum ekki að sætta okkur við. Það er forgangsmál að tryggja öryggi allra sem ferðast um landið með forvörnum og frekari fjárfestingum í vegakerfinu og öðrum innviðum,“ segir Hermann.

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2016	4F 2015	%	2016	2015	%
Iðgjöld tímabilsins	4.051	3.490	16%	15.399	14.076	9,4%
Eigin iðgjöld	3.841	3.263	18%	14.488	13.317	8,8%
Fjárfestingartekjur	1.359	1.208	13%	3.434	4.623	-25,7%
Þar af fjárfestingartekjur af váttryggingaskuld	183	46	298%	777	751	3,5%
<b>Heildartekjur</b>	<b>5.243</b>	<b>4.477</b>	<b>17%</b>	<b>18.072</b>	<b>17.992</b>	<b>0,4%</b>
Tjón tímabilsins	-3.008	-3.382	-11%	-11.259	-11.239	0,2%
Eigin tjón	-2.999	-2.898	4%	-11.261	-10.596	6,3%
Rekstrarkostnaður	-954	-836	14%	-3.706	-3.462	7,1%
Afskrift óefnislegra eigna	-10	-3.519		-39	-3.830	
<b>Heildargjöld</b>	<b>-3.964</b>	<b>-7.254</b>		<b>-15.007</b>	<b>-17.888</b>	
Afkoma fyrir skatta	1.279	-2.776		3.065	105	
<b>Afkoma eftir skatta</b>	<b>1.124</b>	<b>-2.016</b>		<b>2.690</b>	<b>657</b>	
Tjónahlutfall	74,2%	96,9%		73,1%	79,8%	
Endurtryggingahlutfall	3,9%	-7,6%		5,0%	0,4%	
Kostnaðarhlutfall	22,0%	25,8%		22,8%	23,6%	
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>100,1%</b>	<b>115,2%</b>		<b>100,9%</b>	<b>103,9%</b>	
Ávöxtun eigin fjár	26,6%	-23,2%		15,9%	3,9%	
Hagnaður á hlut	0,73	-1,28		1,75	0,42	
				<b>2016</b>	<b>2015</b>	
Verðbréf				36.204	33.785	
Viðskiptakröfur				4.339	4.078	
Handbært fé				1.063	1.385	
Heildareignir				43.303	41.435	
Eigið fé				17.454	16.291	
Eiginfjárlutfall				40,3%	39,3%	
<b>Gjaldþolshlutfall SII</b>				<b>1,91</b>	<b>1,86</b>	
<b>Gjaldþolshlutfall SII eftir arðgreiðslu</b>				<b>1,61</b>	<b>1,79</b>	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

---

**Kynningarfundur 16. febrúar kl. 16:15**

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi á árinu 2016, fimmtudaginn 16. febrúar kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjorið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni [www.sjova.is/afkomukynningar](http://www.sjova.is/afkomukynningar)

**Aðalfundur 17. mars kl. 15:00**

Aðalfundur Sjóvár verður haldinn föstudaginn 17. mars kl. 15:00 í fundarsal félagsins, Kringlunni 5, 6. hæð.

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 440-2000 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

---

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 16. febrúar 2017.

---